

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar vegna iðnaðarsvæðis I44, í landi Lauga í Súgandafirði.

Skipulagsstofnun staðfesti 21. nóvember 2022 óverulega breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 sem samþykkt var í bæjarráði 15. ágúst 2022.

Í breytingunni felst að skilgreint er um 0,2 ha iðnaðarsvæði I44 í landi Lauga í Súgandafirði vegna áforma um jarðhitanýtingu. Landbúnaðarsvæði minnkar til samræmis.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 21. nóvember 2022.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 2. desember 2022